

SASS

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Skýrsla stjórnar SASS fyrir starfsárið 2011 - 2012



Aðalfundur SASS 18. og 19. október 2012

1. Inngangur

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SASS fyrir starfsárið 2011 - 2012. Að venju er sameiginlega um skýrslu stjórnar og yfirlit um starfsemi samtakanna að ræða.

Í stjórn SASS sátu á því starfsári sem nú er að ljúka; Elfa Dögg Þórðardóttir Sveitarfélaginu Árborg formaður, Aðalsteinn Sveinsson Flóahreppi varaformaður, Sigríður Lára Ásbergisdóttir Sveitarfélaginu Ölfusi, Elín Einarsdóttir Mýrdalshreppi, Reynir Arnarson Sveitarfélaginu Hornafirði, Guðfinna Þorvaldsdóttir Rangárþingi ytra og Gunnlaugur Grettisson Vestmannaeyjabæ. Auk þess hafa varamennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Ari Björn Thorarensen, Ragnar Magnússon, Haukur Kristjánsson og Unnur Þormóðsdóttir setið einn eða fleiri fundi stjórnarinnar.

Alls hélt stjórn SASS 12 stjórnarfundi á liðnu starfsári, auka annarra funda sem stjórnarmenn sóttu.

2. Starfsemin á árinu

Hér á eftir verður stiklað á stóru um verkefni samtakanna á starfsárinu og getið helstu mála. Auk þeirra fjallaði stjórnin um fjöldamörg önnur mál og erindi sem henni bárust. Fyrst verður getið funda sem SASS stóð að og tók þátt í á starfsárinu.

Fundir

Fulltrúar samtakanna sóttu fjölmarga fundi og ráðstefnur á starfsárinu. Þar má nefna fjármálaráðstefnu og landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, sumarfund landshlutasamtakanna sem að þessu sinni var haldinn á Suðurlandi svo fátt eitt sé nefnt. Fjöldi funda var haldinn vegna sóknaráætluarvinnur og reksturs almenningsvagna sem hófst í janúar 2012.

Nefndir

Fastanefndir SASS voru starfandi á starfsárinu. Tilgangur nefndastarfsins er sá að treysta þá málefnavinnu og hagsmunagæslu sem fram fer á vegum samtakanna. Nefndirnar eru: samgöngunefnd, menntamálanefnd, velferðarnefnd, fjárhagsnefnd og kjörnefnd. Kosið var í nefndirnar á síðasta aðalfundi. Framkvæmdastjóri starfaði með öllum nefndunum.

Menntamálanefnd. Í nefndinni eru: Eydís Þ. Indriðadóttir, formaður, Helgi Kjartansson, Ninna Sif Svavarsdóttir, Helga Björk Ólafsdóttir og Brynhildur Jónsdóttir. Nefndin skilar yfirliti um störf sín og tillögum til aðalfundarins.

Samgöngunefnd. Í nefndina voru skipuð: Anna Björg Níelsdóttir, formaður, Björn Ingi Jónsson, Ragnar Magnússon, Tómas Ellert Tómasson og Ingi Már Björnsson. Nefndin hefur skilað skýrslu og tillögum til aðalfundarins og verður fjallað um hana á fundinum.

Velferðarmálanefnd. Eftirtaldir voru skipaðir í velferðarmálanefnd: Harpa Dís Harðardóttir, formaður, Ragnheiður Guðmundsdóttir, Jón Páll Kristófersson, Karl Pálmason og Margrét Rós Ingólfssdóttir. Skýrsla nefndarinnar liggur fyrir þessum fundi.

Fjárhagsnefnd. Í nefndinni sátu: Gunnsteinn R Ómarsson formaður, Ásta Stefánsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Kristín Magnúsdóttir og Ingibjörg Harðardóttir. Nefndin skilar álitinu á aðalfundinum.

Kjörnefnd. Gunnar Þorgeirsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir, Hildur Sólveig Sigurðardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Guðmundur Ingi Ingason, Ari Thorarensen og Ásgrímur Ingólfsson. Nefndin skilar tillögum um skipan í stjórn og nefndir á aðalfundinum.

3. Umfjöllunarmál stjórnar

Hér á eftir verður getið helstu mála sem stjórn SASS tók fyrir á fundum sínum.

Almenningssamgöngur á Suðurlandi.

Útboð, samningur og málrekstur. Það verkefni sem hefur tekið drýgstan tíma hjá SASS á þessu starfsári er vafalaust almenningssamgöngurnar. Segja má að sú vegferð hafi ekki verið áfallalaus og margar hindranir í veginum. Í upphafi fór mikil vinna í undirbúning og skipulagningu í samvinnu við Strætó bs, en gerður var þjónustusamningur við fyrirtækið sem sér um allt utanumhald verkfnisins, og VSÓ ráðgjöf. Í kjölfarið var verkið boðið út og bærust sjö tilboð. Samþykkt var að taka tilboði lægstbjóðanda sem bauð upphæð sem var nálægt kostnaðaráætlun og var samningur þá kominn á. Þegar á hólminn var komið vildi viðkomandi fyrirtæki ekki standa við samninginn á þeirri forsendu að mistök hefðu orðið við tilboðsgerðina. Reynt var að fara samningaleiðina en það tókst ekki og var því samningi við fyrirtækið rift. Ekki kom til greina að taka öðrum tilboðum þar sem þau voru langt fyrir ofan kostnaðaráætlun auk þess sem lægstbjóðandi átti næstlægsta tilboðið. Allt tók þetta nokkurn tíma. Skammur tími var því til stefnu þar sem samtökin höfðu skuldbundið sig til að taka við almenningssamgöngunum 1. janúar 2012. Því var gripið til þess ráðs að nýta ákvæði í lögum um opinber innkaup sem heimila svokölluð samningskaup. Leitað var samninga við tvö fyrirtæki og lauk þeim samningsumleitunum með því að skrifað var undir samning við Hópbíla hf 12. desember. Þessi niðurstaða var kærð af hálfu lægstbjóðanda í áðurnefndu útboði til kærunefndar útboðsmála og krafðist fyrirtækið að ákvörðunin yrði felld úr gildi og auk þess sem skaðabóta var krafist. Niðurstaða nefndarinnar var sú að kröfum fyrirtækisins var hafnað. Annað fyrirtæki sem tók þátt í útboðinu gerði síðar sambærilegar kröfur þar sem kærunefndin hafnaði kröfu um ógildinguna en taldi að SASS væri skaðbótaskyld og bæri að greiða fyrirtækinu 400 þús. kr. vegna lögfræðikostnaðar og hefur sú upphæð verið greidd. Bæði þessi fyrirtæki hafa síðan krafist verulegra skaðabóta en þeim kröfum hefur verið hafnað. Óvíst er um áframhald þessara mála. Öll þessu vinna hefur verið unnin í nánú samráði við Óskar Sigurðsson hrl hjá JP lögmonnum.

Samnýting almennings- og skólaaksturs. Í samningi við Vegagerðina sem gerður var á síðasta ári var ákvæði þess efnis að stefnt skyldi að samnýtingu almennings- og skólaaksturs. Í samræmi við það var fundað með fulltrúum innanríkisráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins snemma á þess ári. Stjórn SASS samþykkti að fara þess á leit við mennta- og menningarmálaráðuneytið að það hlutaðist til um að gerðar verði breytingar á lögum um dreifbýlisstyrki til framhaldsskólanema með það að markmiði að efla skólaakstur framhaldsskólanema og jafnframt yrði almenningi gefinn kostur á að nýta sér þann akstur og hann samþættur kerfi almenningssamgangna eins og kostur væri. Engin niðurstaða varð af þessari málaleitan en skilningur var á því að skynsamlegt væri að samnýta þennan akstur. Þegar leið að vori hófust síðan

viðræður við Fjölbrautaskóla Suðurlands í ljósi þess að samningur þeirra við fyrrverandi verktaka var að renna út og að hann yrði ekki endurnýjaður. Stjórn SASS samþykkti síðan að ganga til samninga annars vegar við Fjölbrautaskóla Suðurlands um skólaakstur fyrir nemendur hans og hins vegar við sveitarfélögin Ölfus, Ásahrepp, Rangárþing ytra og Rangárþing eystra um aukinn akstur til og frá sveitarfélögunum. Jafnframt samþykkti stjórnin að ganga til samninga við Sveitarfélagið Árborg um yfirtöku á svokölluðum Árborgarstrætó. Skemmt er frá því segja að samningar tókust við alla þessa aðila og var verkið í heild boðið út. Aðeins barst eitt tilboð frá Hópbílum hf. og var samið við fyrirtækið í kjölfarið um ksturinn og er upphæðin nánst í samræmi við kostnaðaráætlun. Akstur hófst 20 ágúst sl. Með þessum áfanga batna almenningssamgöngur innan svæðisins verulega. Ekið er til og frá Selfossi til eftirtaldrá staða tvisvar á dag alla virka daga ársins: Hvolsvallar, Hellu, Flúða, Reykhólts og Þorlákshafnar. Ekið er fjórum sinnum á dag alla virka daga milli Eyrarbakka, Stokkseyrar og Selfoss.

Einkaleyfi og lögbannsmál. Í lögum um folks- og farmflutninga er kveðið á um einkaleyfi samtaka sveitarfélaga til reksturs almenningssamgangna. Þrátt fyrir það gekk eitt hópferðafyrirtæki í berhögg við einkaleyfið og hóf reglubundinn akstur um Suðurland í maí sl. , auglýsti ferðirnar og gjaldskrá á heimasíðu sinni. SASS ákvað krefjast lögbanns sem fékkst að því tilskyldu að samtökin reiddu fram 15 millj. kr. tryggingu. Þar sem upphæðin var utan fjárheimilda samtakanna var ákveðið að láta staðar numið en óskað eftir því að Vegagerðin stöðvaði þennan akstur. Stofnunin taldi sig ekki getað það á grundvelli laganna en skrifaði viðkomandi fyrirtæki bréf og fór fram á það stöðvaði aksturinn þar sem hann stangaðist að öllum líkindum á við lög. Fyrirtækið hafði þá ósk að engu. Í kjölfarið óskaði stjórn SASS eftir því að Samband íslenskra sveitarfélaga hefði forgöngu um það að ákvæði um einkarétt sveitarfélaga til almenningssamgangna í lögum um fólksflutninga yrðu gerð skýrari og jafnframt að Vegagerðin fengi raunhæf úrræði til að stöðva brot á þeim ákvæðum laganna. Haldinn var fundur í innanríksráðuneytinu með fulltrúum SASS og sambandsins þar sem kynnt var vinna sem fer fram af hálfu ráðuneytisins við endurskoðun laganna. Fram kom verulegur skilningur á sjónarmiðum sveitarfélaganna og standa því vonir til að úr þessum ágalla laganna verði bætt á komandi þingi. Þess má geta að byrjun sumars tókust samningar á milli SASS og Reykjavík Excursions um akstur fyrirtækisins á Suðurlandi þar sem þess er gætt að ekki sé gengið á hagsmuni SASS varðandi einkaréttinn.

Akstur til Þorlákshafnar vegna Herjólfss. Í samningi SASS og Vegagerðarinnar frá 26. júlí 2011 er ákvæði þess efnis að „ ef ferjusiglingar færast til Þorlákshafnar um lengri tíma með umtalsverðum aukakostnaði sé heimilt að taka upp viðræður um áhrif þess á upphæð árlegs styrks.“ Reyndin varð sú að Herjólfur sigldi til Þorlákshafnar frá áramótum fram í miðjan apríl. Bæta þurfti við aukabíl vegna

aksturs á milli Þorlákshafnar og Reykjavíkur sem ekki hefur samnýst með öðrum akstri og nemur áfallinn kostnaður um 4,7 millj. króna. Búast má við því að siglingar færist til Þorlákshafnar síðustu 2 - 3 mánuði ársins einnig og má því reikna með að endanlegur kostnaður verði á bilinu 8 - 9 millj. króna. Rætt hefur verið við Vegagerðina og standa vonir til að framlag fái á aukafjárlögum vegna þessa. Engin trygging er þó fyrir því að svo verði.

Fjárhagsstaða. Yfirlit yfir fjárhagslegan rekstur almenningsamgangna fyrstu átta mánuði ársins. Samkvæmt yfirlitinu hefur reksturinn gengið vel en óvæntur kostnaður s.s. vegna aksturs í tengslum við ferðir Herjólfss til Þorlákshafnar hefur valdið því að örlítt halli er á rekstrinum fyrstu 8 mánuðina sem er þó innan við 1% af heildarútgjöldum. Mikilvægt er að fá þann aukakostnað greiddan eins og áur er getið

Almennt. Að öllu samlögðu hafa áætlanir um rekstur almenningsamgangana gengið eftir. Þjónustan hefur batnað verulega, hún er sýnilegri og íbúarnir eru betur upplýstir um hana. Þjónusta við framhaldsskólanemendur hefur batnað verulega og þjónusta hefur stóraukist innan svæðisins. Fyrirliggjandi tölfræði bendir til þess að aukning sé töluverð á þeim leiðum þar sem samanburðartölur eru fyrir hendi og allar líkur eru á áframhaldandi fjölgun farþega. Þá virðist ekki óraunhæft að ætla að markmið um að reksturinn beri sig á þessu ári náist með þeim framlögum sem koma frá opinberum aðilum. Þá ber þess að geta að framlag ríkisins mun hækka um 29 millj. króna á næsta ári sem er umtalsverð hækkun og því góðar líkur á að rekstur á næsta ári verði jákvæður.

Sóknaráætlun fyrir Suðurland

Annar áfangi sóknaráætlunar. Á síðastliðnu ári var lögð áhersla á vinna tillögur að fjarfestinagráætlun og var óskað eftir 7 tillögum frá hverju hinna 8 sóknaráætlunarsvæða. Vinnunni var ekki hagað í samræmi við það sem að hafði verið stefnt og endaði í hefðbundnum farvegi milli fagráðuneyta og fjármálaráðuneytis. Ákveðið var því af hálfu stýrinets ráðuneyta að gera hlé á þeirri vinnu og einbeita sér fremur að breytingum á skipulagi framlaga ríkisins til svæðanna. Áhersla var lögð á sameiningu framlaga til menningarsamninga, vaxtarsamninga, atvinnuþróunarfélaga ásamt öðrum fjárframlögum í einn sjóð sem síðan yrði skipt á milli sóknaráætlunarsvæðanna eftir skilgreindum gegnsæjum reglum. Stefnt er að því að þetta fyrirkomulag taki gildi frá og með næstu áramótum en þó verða samningar sem hafa lengri gildistíma verði látnir renna út þannig að breytingin tekur ekki að fullu gildi fyrr en um áramótin 2013/2014.

Sett hefur verið upp stýrinet allra ráðuneyta og en í því situr einnig framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðinn hefur verið starfsmaður á vegum Byggdastofnunar sem hefur það hlutverk að vera tengiliður stýrinets og sóknaráætlunarsvæðanna og vera svæðunum til aðstoðar við sóknaráætlunarvinnuna. Ríkisstjórnin samþykkti í júní sl. ályktun um útfærslu sóknaráætlana og skipulags- og verklagsbreytingar innan stjórnsýslunnar sem því tengjast og drög að leiðbeiningum fyrir landshlutasamtök sveitarfélaganna. Stefnt er að því að fyrsta útgáfa sóknaráætlunar á hverju landsvæði liggi fyrir í desember nk. Þá eru 400 milljónir króna ætlaðar í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár til sóknaráætlunarsvæðanna en ekki hafa enn verið mótaðar reglur um skiptingu þessa fjár. Sjá meðf. texta úr frumvarpinu:

Sóknaráætlunir landshluta. Á þessum lið er gert ráð fyrir 400 m.kr. óskiptri fjárheimild vegna verkefna í sóknaráætlunum landshluta sem ætlunin er að verði útfærð nánar og skipt niður á viðeigandi liði ráðuneyta með breytingartillögum við aðra umræðu frumvarpsins. Markmið sóknaráætlunarinnar er að einfalda og efla samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi, hagkvæmni og skilvirkni við úthlutun og umsýslu fjárveitinga úr ríkissjóði sem ekki fara til lögbundinna verkefna í landshlutum. Stefnt er að því að þeir fjármunir sem Alþingi ráðstafar hverju sinni af fjárlögum til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnumála, byggða- og samfélagsþróunar byggji á sóknaráætlunum hvers landshluta um sig og renni um einn farveg á grundvelli samnings við miðlægan aðila í hverjum landshluta. Verið er að ljúka við gerð verklagsreglna um úthlutun fjár úr sjóðnum til verkefna sem unnin eru á grundvelli áætlunarinnar.

Landshlutaáætlun fyrir Suðurland. Í samræmi við það sem að ofan greinir er hafin vinna við fyrstu útgáfu að landshlutaáætlun fyrir Suðurland sem stefnt er að fyrir áramót. Verið er að vinna að greiningu og stefnumótun í nokkrum málaflokkum. Samþykkt hefur verið að hefja vinnu við eftirtalin stefnumótunarverkefni: atvinnustefnu, uppbyggingu háhraðasamskipta, nýtingu orku og auðlinda, menntastefnu, ferðamálastefnu, menningarstefnu, endurskipulagningu stoðkerfis og svæðisskipulag. Jafnframt hafa verið gerð drög að heildarstefnumótun fyrir svæðið og er stefnt að því að ljúka fyrir áramót. Ljóst er að stefnumótun í svo mörgum málaflokkum verður ekki lokið á örfáum mánuðum og ljóst að stefnumótunarvinnan er langtímaverkefni sem lýkur í raun aldrei.

Sameining SASS og APS

Á síðasta aðalfundi SASS var samþykkt að stefna að sameiningu SASS og Atvinnuþróunarfélags Suðurlands. Í samræmi við ályktun aðalfundar var samþykkt að tilnefna Elfu Dögg Þórðardóttur, Reyni Arnarson og Gunnlaug Grettisson í starfshóp til að semja tillögur um sameininguna. Atvinnuþróunarfélagið tilnefndi eftirtalda í starshópinn: Gunnar Örn Marteinson, Guðlaugu Ósk Svansdóttur og Unni Þormóðsdóttur. Gísli

Sverrir Árnason ráðgjafi hjá R3 ráðgjöf vann með starfshópnum. Tillögur starfshópsins liggja fyrir aðalfundum beggja þessara stofnana.

Viðauki við menningarsamning

Sú ákvörðun var tekin af Alþingi sl. haust að flytja meiri fjármuni til menningarsamninga af óskiptum liðum fjárlaga til menningarmála. Landshlutasamtökum var kynnt að um væri að ræða um 130 milljónir króna í heild og þeim fjármunum yrði skipt til menningarráðanna eftir skilgreindum gegnsæjum reglum. Menntamálaráðuneytinu var falið verkefnið. Eitthvað virðast skilaboð fjárlaganefndar hafa skolast til því að í meðförum ráðuneytisins lækkaði upphæðin um 50 millj. króna auk þess sem ráðuneytið lagði til að eftirstöðvarnar skipust jafnt á milli menningarráðanna burtséð frá íbúafjölda starfssvæðanna, stærð þerra o.s.frv. Stjórn SASS ályktaði með eftirfarandi hætti um málið: „Stjórn SASS ítrekar fyrri afstöðu til skiptingar framlaga til menningarsamninga þar sem ekkert tillit virðist tekið til íbúafjölda eða stærðar svæðanna sem um ræðir. Jafnframt virðist ráðuneytið skella skollaeyrum við tilmælum fjárlaganefndar Alþingis um að skiptingin sé byggð á skilgreindum forsendum með gegnsæjum hætti. Stjórn SASS óskar eftir því að fjárlaganefnd kalli eftir skýringum á þeirri tillögu sem ráðuneytið hefur lagt fram og jafnframt að engir samningar verði undirritaðir fyrr en þær skýringar liggi fyrir.“ Þessi mótmæli báru engan árangur og varð stjórnin að játa sig sigraða og var skrifað undir viðaukasamninginn. Vinnubrögð ráðuneytisins í þessu máli eru því til vansæmdar og eðlilegt að spurt sé hvort Alþingi láti það líðast í framtíðinni að ráðuneytið þverskallist við skýrum fyrirmælum Alþingis.

Ályktanir stjórnar

Stjórn SASS ályktaði um fjölmörg mál á starfsárinu og fara þær helstu hér á eftir:

Rammaáætlun. „Stjórn SASS lýsir yfir miklum vonbrigðum með þá stefnu sem ríkisstjórn hefur tekið varðandi þingsályktunartillögu um rammaáætlun en samkvæmt henni verður gengið á svig við niðurstöður þeirra vönduðu þverfaglegu vinnu sem unnin var á vegum verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Stjórn SASS skorar því á Alþingi að farið verði að tillögum verkefnisstjórnar um þá virkjunarkosti sem fara eigi í nýtingarflokk. Það á ekki síst við um virkjanir í neðri hluta Þjórsár sem koma hvað best út af mögulegum virkjunarkostum bæði hvað varðar umhverfisáhrif og þjóðhagslega hagkvæmni og því brýnt að heimila Landsvirkjun að ljúka undirbúningsvinnu til að geta hafið framkvæmdir. Fyrir sunnlendinga er um mikilvægar framkvæmdir að ræða sem varða nauðsynlega uppbyggingu og eflingu atvinnulífs á Suðurlandi.“

Hækkun virðisaukaskatt á sölu gistingar. „Stjórn SASS mótmælir harðlega fyrirhugaðri hækkun virðisaukaskatts á sölu gistingar. Stjórn SASS bendir í fyrsta lagi á að hækkun á virðisaukaskatti mun hafa mjög slæm áhrif á afkomu ferðaþjónustunnar og tengdra greina þar sem líkur eru á minnkandi framlegð auk þess sem ferðamönnum mun að öllum líkindum fækka. Líklegt er því að tekjur ríkissjóðs vegna þessarar starfsemi minnki þegar upp er staðið en hækki ekki eins og vafalaust er ætlunin. Í öðru lagi gerir stjórn SASS alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð ríkisins í þessu máli þar sem þessar skattahækkningar eru mjög seint boðaðar og því ómögulegt fyrir viðkomandi ferðaþjónustufyrirtæki að bregðast við tímanlega vegna kynningar og markaðssetningar fyrir næsta ár. Í þriðja lagi bendir stjórn SASS á að ferðaþjónustan er sá atvinnuvegur sem vaxið hefur hraðast á síðustu árum og hefur verið mikil lyftistöng fyrir atvinnulífið í kjölfar kreppunnar sem skall á haustið 2008. Það á ekki síst við um Suðurland þar sem ferðaþjónustan er hvað öflugust. Í ljósi alls þessa skorar stjórn SASS á ríkisstjórn og Alþingi að draga þessi áform til baka.”

Skortur á þjónustu talmeinafræðinga. „Stjórn SASS fagnar því að á Heilbrigðisvísindasviði HÍ hafi verið tekið upp nám í talmeinafræði. Það var löngu tímabært, enda skortur á talmeinafræðingum mikill, einkum víða á landsbyggðinni. Sunnlendingar hafa lengi búið við skort á þjónustu talmeinafræðinga. Foreldrar hafa þurft að keyra börn sín til Reykjavíkur í þjálfun og á fjarlægari svæðum á Suðurlandi kostar það foreldra oft heilan dag frá vinnu, auk ferðakostnaðar. Þetta hefur m.a. orðið til þess að fjöldi barna á Suðurlandi fær ekki þá þjálfun sem þau nauðsynlega þurfa. Stjórn SASS beinir þeim tilmælum til Læknadeildar Háskóla Íslands að tekið verði tillit til þeirra svæða þar sem skortur á þjónustu talmeinafræðinga er hvað mestur þegar valið er inn í talmeinafræðinámið á næsta ári og óskar eftir að tekið verði tillit til búsetu sé hæfni að öðru leyti sambærileg.”

Heilsugæslustöðin á Hellu. „Stjórn SASS mótmælir harkalega þeirri ákvörðun Heilbrigðisstofnunar Suðurlands að leggja niður heilsugæslustöðina á Hellu og krefst þess að starfsemin verði ekki skert. Ef sú ákvörðun verður að veruleika er ljóst að þjónustu við íbúana hrakar verulega og búsetuskilyrði versna. Nauðsynlegt er að í öllum stærri byggðakjörnum á Suðurlandi sé aðgangur að heilsugæslu. Ákvörðunin er ekki í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að standa vörð um heilsugæsluna þrátt fyrir niðurskurð í heilbrigðismálum. Stjórn SASS lýsir einnig yfir miklum áhyggjum vegna samdráttar á þjónustu stofnunarinnar í Vestur - Skaftafellssýslu, bæði hvað varðar lækniþjónustu og sjúkraflutninga. Málið er sérstaklega alvarlegt í ljósi náttúruhamfara sem hafa orðið á þessu svæði, hættu á frekari náttúruhamförum og fjarlægðar frá næsta sjúkrahúsi.

Stjórn SASS skorar á velferðarráðherra, Alþingi og þingmenn kjördæmisins að skapa HSu skilyrði til að veita grunnþjónustu alls staðar á Suðurlandi.“

Umsagnir um þingmál

Tillaga til þingsályktunar um undirbúning og stækkun Þorlákshafnar 95. mál. Stjórn SASS mælti með samþykkt tillögunnar sem er í samræmi við eftirfarandi ályktun ársþings samtakanna: „Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur áherslu á að hafin verði uppbygging stórskipahafnar í Þorlákshöfn. Fyrir liggur að staðsetning orkufrekrar starfsemi í Ölfusi er einkar hagstæð og því nauðsynlegt að þar verði byggð upp stórskipahöfn.“

Tillögur til þingsályktunar um um 4. og 12. ára samgönguáætlanir. „Samtök sunnlenskra sveitarfélaga gera eftirfarandi athugasemdir við þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2011 – 2022 og frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011 – 2014.

Í fyrsta lagi er ljóst að fjármagn til samgöngumála er of lítið skv. tillögunum. Þrátt fyrir að að erfiðleikar séu í ríkisbúskapnum er mikilvægt að treysta innviði samfélagsins til framtíðar og uppbygging góðs samgöngukerfis er þar mikilvægur þáttur. Þá hefur ekki verið staðið við þær fyrirætlanir stjórnvalda að efna til stórframkvæmda til að koma hjólum atvinnulífs af stað. Samtökin skora á Alþingi að taka umfang samgönguáætlunar til endurskoðunar og auka verulega við það fjármagn sem ætlað er til samgöngumála á komandi árum.

Í öðru lagi lýsa samtökin yfir mikilli óánægju með tillögur sem varða breikkun Suðurlandsvegar. Samkvæmt tillögunum verður framkvæmdum við fyrirhugaða breikkun ekki lokið á næstu tólf árum því ekki er gert ráð fyrir töföldun vegarins á milli Rauðavatns og Lögbergsbrekku þrátt fyrir að meðalumferð á sólarhring á þeim vegarkafli sé nú um 10.000 bílar og slysatíðni veruleg. Þá hefur verið horfið frá fyrri áformum um tvöföldun vegarins á milli Selfoss og Hveragerðis en þar hafa umferðarslys verið í tíð á undanförunum árum. Fyrir liggur að framkvæmdir við Suðurlandsveg eru með arðsömustu samgönguframkvæmdun og nægir að minna á að með breikkun vegarins og aðgreiningu akstursstefna er talið að fækka megi slysunum og óhöppum um 50%, en á undanförunum árum hefur kostnaður vegna tjóna sem sem orðið hafa í umferðinni á þessari leið numið um 1 milljarði króna árlega að mati tryggingafélaga. Samtökin telja því í hæsta máta óeðlilegt að ekki sé staðið við þau fyrirheit sem gefin voru í síðustu fjögurra ára áætlun um breikkun Suðurlandsvegar og ýmsar aðrar framkvæmdir í öðrum landshlutum teknar fram fyrir. Tillögur þar um standast ekki skoðun hvort sem lítið er til umferðarþunga eða umferðaröryggis.

Í þriðja lagi leggja samtökin til að framkvæmdum við brú yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt ásamt tilheyrandi vegarlagningu en ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist fyrr en árið 2018. Brúin er nánast ónýtt og stórhættuleg auk þess sem framkvæmdir munu stytta hringveginn um 11 km og eru því verulega arðsamar.

Í fjórða lagi leggja Samtökin mikla áherslu á að farið verði hraðar í fækkun einbreiðra brúa á Þjóðvegi 1 en gert er ráð fyrir en um helmingur þeirra er í V- og A-Skaftafellssýslum eða um 20 talsins. Um mikið umferðaröryggismál er að ræða og í samræmi við það markmið áætlunarinnar að styrkja meginflutningaleiðir auk þess sem slíkar framkvæmdir kalla á um 60% meira vinnuafli en venjulegar vegaf framkvæmdir. Verulegt átak á næstu fjórum árum gæti því skapað fjölmörg störf fyrir byggingariðnað sem nú á við mikinn vanda að stríða. Samtökin leggja því til að áætluninni verði breytt í grundvallaratriðum að þessu leyti.

Í fimmta og síðasta lagi telja samtökin ekki gengið nægilega langt í að styrkja tengi- og héraðsvegi. Mikil umferðaraukning hefur orðið á þessum vegum og þeir gegna mun stærra hlutverki nú en áður vegna breyttra atvinnuhátta og sívaxandi ferðamannastraums.”

Tillögur um fjögurra og tólf ára fjarskiptaáætlunir. „Samtök sunnlenskra sveitarfélaga leggja áherslu á að allir landsmenn hafi aðgang að háhraða gagnaflutningskerfi. Því leggja samtökin til að í fjarskiptaáætlun verði skýr ákvæði um að þeim fyrirtækjum sem starfa á þessum markaði verði gert skylt að tryggja fullnægjandi gæði á þeim svæðum þar sem þau bjóða þjónustu sína. Sjái þau sér það ekki fært láti Fjarskiptastofnun fara fram útboð á þessum svæðum. Þá leggja samtökin á sama hátt áherslu á að farsímasamband verði tryggt um allt land og þeim fyrirtækjum sem starfa á þeim markaði verði skylt að tryggja slíkt samband.”

Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum. „Stjórn SASS gerir alvarlegar athugasemdir við þau ákvæði frumvarpsins sem beinast að því auka tilkynningaskyldu vegna framkvæmda. Það þýðir að mun fleiri smærri framkvæmdir verða tilkynningaskyldar sem mun óhjákvæmilega leiða til aukins kostnaðar og tafa á framkvæmdum. Í skýrslu Ásdísar Hlakkar Theódórsdóttur og Sigbjörns Þórs Birgissonar um mat á umhverfisáhrifum sem kom út nýlega og byggist á reynslu árána 2004 til 2009 kemur skýrt fram að fremur sé ástæða til að að fækka þeim framkvæmdum sem eru tilkynningarskyldar en að fjölga þeim. Auk þess er ljóst að umræddar breytingar munu leiða til aukins álags fyrir sveitarfélögin með tilheyrandi kostnaði. Stjórn SASS leggst því alfarið gegn samþykkt frumvarpsins óbreytts.”

4. Rekstur SASS

Skrifstofa SASS.

Skrifstofan sér um bókhald og annað almennt skrifstofuhald fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Skólaskrifstofu Suðurlands, Sorpstöð Suðurlands, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og SASS. Þá sér skrifstofan um allt bókhald fyrir Fræðslunet Suðurlands og Háskólafélag Suðurlands. Sú breyting varð á starfsárinu að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands flutti yfir götuna og rekur nú starfsstöð sína að Austurvegi 61 en skrifstofa SASS veitir stofnuninni áfram ýmsa þjónustu. Inn á skrifstofu SASS fluttu síðan starfsmenn ART teymisins og menningarfulltrúinn. Önnur þjónusta skrifstofunnar við sveitarfélögin hefur verið með hefðbundnum hætti, upplýsingagjöf ýmiss konar og aðstoð.

5. Lokaorð

Framundan eru ýmsar breytingar hjá SASS. Fyrir liggur tillaga um sameiningu SASS og Atvinnuþróunarfélagsins. Ekki er vafi á því að sú breyting verður til bóta með auknu afli sameinaðrar stofnunar. Samhliða þessum breytingum eru aukin verkefni að flytjast til landshlutasamtakanna s.s. rekstur almenningssamgangna, aukið vægi sóknaráætlana og með þeim vald til meiri áhrifa á starfssvæðum samtakanna. Því má segja að sameiningin svari ákveðnum kröfum sem fylgja fleiri verkefnum og auknum áhrifum.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga starfsárið 2011 - 2012 þakkar starfsmönnum samtakanna og samstarfsstofnana fyrir gott samstarf á liðnu starfsári. Stjórnin þakkar einnig öllum sveitarstjórnnum og embættismönnum sveitarfélaga á Suðurlandi fyrir samstarf á starfsárinu.